

Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi safnsins. Fylgir ársskýrslu 2023



Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi skólaársins 2022-2023

Fylgir ársskýrslu 2023

Starfstími

Safnið er opið frá 8–16 á mánudögum til fimmtudaga en á föstudögum er safnið opið frá 8-15.

Fastir starfsmenn safnsins voru tveir. Forstöðumaður í 100% stöðu og bókaþjónustur í 75% stöðu á haustmisseri en sinnti alþjóðamálum í 25% stöðu en var þó með fulla viðveru á safninu. Í heimsfaraldri lágu alþjóðasamskipti í nokkrum dvala en á þessu skólaári lifnaði heldur betur yfir alþjóðamálum og þó að skilgreind staða verkefnisstjóra í erlendum samskiptum sér einungis 25% þá voru verkefni nokkuð viðameiri en þar sem við erum sveigjanlegar bitnaði það ekki á starfsemi safnsins.

Starfsfólk þennan vetur var:

Hanna Þórey Guðmundsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur
Dagný Hulda Valbergisdóttir, B.A. í þjóðfræði og M.A í hagnýtri menningarmiðlun.

Hlutverk safnsins

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Meginhlutverk safnsins er að kenna og kynna upplýsingalæsi, gera safnkost aðgengilegan, tryggja næði nemenda sem nýta safnið til lærdóms og lána út bækur, tímarit, tölvur og fleira. Nemendur er líka duglegir að nýta safnið sem athvarf, enda er gott að slappa af í notalegu umhverfi.

Safnkostur

Nokkuð af nýju efni barst safninu á skólaárinu, fag- og brautarstjórar voru hvattir til að koma með innkaupabeiðnir. Keyptar voru íslenskar skáldsögur, barnabækur og ýmsar fræðibækur. Starfsbrautin var hætt að nota Chromebook tölvur fyrir sína nemendur og fengum við þær, 15 talsins, inn á safn. Það hefur komið sér mjög vel enda nýtast tölvurnar nemendum vel þó svo að við séum ekki Google skóli lengur en auðvelt er að vinna með Microsoft lausnir í gegnum vef á Chromebook tölvunum. Nokkuð bættist við annan tækjakost, má þar nefna dróna, GoPro myndavél og fleira. Einnig keyptum við einn Kindle (lesbretti) til að lesa rafbækur en hugsunin var að þeir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku geti fengið hann lánaðan og sótt bækur á sínu móðurmáli til að lesa.



Nýtt bókasafnskerfi

Í lok vormisseris 2022 var gamla Gegni lokað og nýr Gegnir tók við þegar haustmisseri hófst. Undanfarin ár hafði mikil vinna farið í val á nýju kerfi og undirbúning á innleiðingunni hjá þjónustuaðila okkar Landskerfum bókasafna. Gamla bókasafnskerfið hafði þjónað bókasöfnum landsins vel í hátt í 20 ár en var komið til ára sinna enda hafa tækniframfarir orðið miklar á þessum árum og margt í notkun kerfisins orðið úrelt, ekki síst það sem snýr að persónuvernd. Það var kærkomið að fá nýtt og nútímalegra kerfi en strax í upphafi haustmisseris fórum við á nokkur námskeið til að læra á kerfið, nýja kerfið heitir Alma og er frá Ex Libris en gengur áfram undir heitinu Gegnir. Öll þessi námskeið voru fjarnámskeið en einnig voru búin til fjöldamörg myndbönd til að hjálpa starfsfólki bókasafna að ná tökum á nýju kerfi. Fyrst lögðum við áherslu á að tileinka okkur útlánin og þá þætti sem snúa að lánþegum. Þegar leið á önnina voru námskeið í aðföngum og skráningu sett á oddinn. Nýtt kerfi hefur töluverðar breytingar í för með sér fyrir starfsmenn en notendur verða minna varir við breytingarnar þar sem vefurinn leitir.is, sem er frá Primo Ve, heldur sér að mestu leyti en hefur þó þróast eitthvað með nýju kerfi.

Það sem notendur ættu einna helst að taka eftir er að nýjar kerfið er með sjálfvirkar tölvupóstsendingar til notenda þegar lánstími safngagna er liðinn. Einhverjir hafa upplifað þetta sem aukna innheimtuhörku en við minnum á að þetta er bara vinaleg áminning og við framlengjum eftir þörfum og gleðjumst yfir hverri bók sem er í notkun hjá lánþegum.


Útlán

Heildarútlán safnsins í ár voru 6648, en það er lítil fækkun útlána en á síðasta skólaárið voru þau 7009 en höfðu þá aukist töluvert frá fyrra ári. Ef útlánatölur annarra framhaldsskóla á landinu eru skoðaðar þá er VMA í fjórða sæti þegar kemur að fjölda útlána. Mikið af þessum útlánnum eru fartölvur, hleðslutæki, teikniborð, reiknivélar og önnur tæki en að sjálfsögðu eru bækur alltaf lánaðar út líka.



Þó svo að það sé gert ráð fyrir að allir nemendur eigi tölvur þá er mikilvægt að hafa líka tölvur til útláns á safninu. Sumir eiga ekki tölvur, þær bila eða nemendur gleyma þeim endrum og eins heima.

Þar sem mikið hefur mætt á Landskerfum bókasafna, sem eiga og reka Gegni, við innleiðingu á kerfinu þá er ekki komið í gagnið að taka út alla sömu þætti og verið hefur sem snúa að tölfræði safnsins. Þannig að svo stöddu er ekki hægt að kalla fram hver hlutföllin á milli bókaútlána og tækjaútlána eru. En það er ýmiss önnur tölfræði sem hægt er að kalla fram og skemmtilegt að rýna í. Hér að neðan er hægt að sjá hvenær dags safngögn eru helst fengin að láni en flest útlán eru fyrsta klukkutíma dagsins.



Auðvelt aðgengi að upplýsingum hefur breytt notkun bóka og bókasafna töluvert á síðustu árum. Upp er að koma kynslóð sem er fljót að finna upplýsingar en það breytir þó ekki því að það er oft gagnlegt að ræða við sérfræðinga á bókasöfnum þegar velja á heimildir því í dag snýst heimildaleit ekki síður að því að velja heimild heldur en að finna heimild. Nemandi þarf að vera gagnrýnninn við val upplýsinga og kunna að leggja mat á áreiðanleika heimilda. Við hjálpum nemendum töluvert við þetta

og reynum að auglýsa okkar sérfræðipækkingu innan nemendahópsins en við vildum gjarnan aðstoða fleiri.

Einstaka nemendur fá bækur til yndislesturs eða til að leita að áhugaverðu efni sem tengist áhugamáli og það gleður okkur sérstaklega mikið. Nemendur koma líka til að fá kennslubækur ef bók hefur gleymst heima en það er stefna safnsins að eiga eitt eintak af hverri kennslubók sem hægt er að fá í dægurlán.

Eitthvað er um að starfsfólk bókasafnsins tíni til á bókavagna safnefni fyrir einstaka verkefni og ritgerðir og þá er það efni nýtt á safninu eða kennslustofum. Þetta sparar nemendum vinnu við að finna sjálfir til heimildir og tryggir að allir nemendur hafi jafnan aðgang að efninu, en ekki er reiknað með að nemendur fái safnefni í útlán ef efnið er á vagni og fleiri þurfi að nota það.



Dagný Hulda og Hanna Þórey háttíðarklæddar

Kennsla í upplýsingalæsi

Við leggjum ríka áherslu á upplýsingalæsiskenndu í VMA.

Í mörg ár hafa allir nýnemar komið á safnakynningu sem hluta af sínu námi í lífsleikni. Nemendurnir í vetur voru duglegir og jákvæðir og gaman er að fá tækifæri til að heilsa öllum nemendum og kynna hvað safnið hefur uppá að bjóða. Við tökum líka eftir því að í kjölfar slíkra heimsóknna fara ný andlit að koma á safnið og njóta þess að sitja á rólegum stað og læra eða hvíla sig.

Í þessum safnaheimsóknum kennum við nemendum að fletta á leitir.is þannig að þau sé fær um að nýta bókasafnskerfið. Þau þurfa einnig að kynnast safninu með því að leysa verkefni sem krefst þess að þau þurfi að finna bækur í bókahillum og fletta upp staðreyndum til að finna svörin. Öllu jafna finnst þeim þetta nokkuð gaman og við teljum það að kunna að nota bókasafn mikilvægan þátt í menntun þeirra.

Á vorönn fór áhersla í upplýsingalæsiskenndu til lokaverkefnisnema. Flestir hópar sem vinna að lokaverkefni fengu heimsókn í kennslustund og kynnt var hvernig best er að leita af heimildum á leitir.is. Þar er hægt að finna allt okkar safnaefni og töluvert af íslenskum fræðigreinum sem eru á netinu. Í gegnum leitir.is er líka hægt að nálgast mikið magn af erlendum fræðigreinum, þar er auðvelt að takamarka leit við ákveðin ártöl, ritrýni og fleira og því afar mikilvægt fyrir okkar nemendur að þekkja helstu leitarleiðir. Einnig þurfa nemendur að gera sér grein fyrir því að vönduð og markviss heimildaleit er mikilvæg þegar kemur að fræðilegum skrifum eins og lokaverkefnum. Þetta voru nemendur á stúdentsbrautum, sjúkraliðabrait, vélstjórn og nemendur á lokaönn í húsasmíði. Það er mikilvægt að ná til

nemenda á þessum tímapunkti og ef þeir tileinka sér gagnrýnin og vönduð vinnubrögð við heimildaleit fyrir lokaverkefni þá mun það gagnast þeim í námi og starfi í framtíðinni. Sífellt meira af efni verður aðgengilegt á netinu með ári hverju og því er þessi kennsla mikilvæg og gott að geta beint nemendum á að auðvelt sé að taka falsfréttir alvarlega ef slakað er á gagnrýnni hugsun. Þarna gafst líka tækifæri til að auglýsa Ritverið og voru lokaverkefnisnemendur einna duglegastir nemenda að nýta sér það í vetur.



Í vetur komu nokkrir hópar til okkar í heimildaskráningarverkefni í íslensku. Verkefnið var í formi ratleiks þar sem nemendur þurftu m.a. að nota QR kóða, fletta bókum og tímaritum til að skrá heimildir. Þetta gekk vel og kjörið tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk að færa námið út úr kennslustofunni.

Ritver

Ritver bókasafnsins hélt áfram starfsemi en þar geta nemendur komið og fengið aðstoð við heimildaleit, heimildaskráningu, tilvísanagerð, yfirlestur á texta og uppsetningu ritgerða. Þjónustan sem fer fram í Ritverinu er hugsuð sem meiri persónulegri aðstoð hefðbundin aðstoð að safni. Nemendur fá ráðgjöf og tilsögn allt eftir því hvað þarf hverju sinni. Við finnum að nemendur sem hafa ekki íslensku að móðurmáli finnst fínt að getað komið og fengið okkur til að renna yfir texta.



Skólanum færðar allar teikningar hússins frá arkitekt

Við upphaf Ritvers þá voru nemendur hvattir til að bóka tíma en reynslan hefur sýnt að þeim þykir þægilegra að koma við og fá aðstoð án þess að um formlega tímabókun er að ræða. Við höfum auglýst þessa starfsemi nokkuð og kennarar eru duglegir að minna

á hana en við erum alltaf tilbúin að taka á móti fleiri nemendum gerist þess þörf. Við höfum ekki náð að halda utan um fjölda heimsóknna í Ritverið en í upphafi annar er rólegt í Ritverinu en ásóknin eykst þegar líða fer á önnina.



Nemi í starfspjálfun

Í vetur var nemandi af starfsbraut hjá okkur í starfspjálfun. Hún kom tvisvar í viku og var 90 mínútur í senn. Hún þreif tölvur, plastaði bækur og afgreiddi aðra nemendur. Þetta gekk vel og það er gaman að fá nemendur inn á safnið með þessum hætti.

Nýtt kósíhorn

Í vetur keyptum við 3 nýja og Fatboy grjónapúða og færðum kósíhornið nær okkur í afgreiðslunni til að tryggja að þar yrði frekar ró en fjör. Púðahornið nýtur gríðarlega vinsælda og þar eru nánast alltaf einhverjir nemendur.



Önnur stoðþjónusta

Á bókasafninu sinnum við líka ýmis annarri stoðþjónustu sem fellur til. Hingað koma nemendur töluvert til að taka próf. Sumir kjósa að taka próf í ró og næði, aðrir þurfa aðstoð talgervils og enn aðrir ætla að taka próf þegar önnur kennsla í stofunni þeirra og þá er gott að koma á safnið. Við fögnum því að útvíkka starfsemi safnsins og tökum öllum vel. Enda er hlutverk bókasafnsins að styðja nemendur í sínu námi.